

Menntaskólinn á Akureyri

Skólanefnd

Fundargerð skólanefndar, nr. 250, fimmtudagur, 05.05. 2022 kl. 16.30 - aukafundur, fjarfundur.

Mættir: Ásta A. Pétursdóttir, Elías Gunnar Þorbjörnsson, Erla Rán Kjartansdóttir, Krístrún Birgisdóttir, Óli Þór Jónsson, Pollý Rósa Brynjólfsdóttir og Rannveig Ármannsdóttir

Dagskrá fundar:

1. Umsóknir - umfjöllun 1

Fjallað um umsækjendur og hæfi þeirra. Þeim raðað og gefin stig eftir hæfni.

Borist hafa athugasemdir við hæfi tveggja nefndarmanna vegna mögulegra tengsla þeirra við einn umsækjanda.

Krístrún formaður telur að það komi skýrt fram í fyrirmælum til nefndarinnar að hún ráði ekki skólameistara. Nefndin hefur sjálf ekki samband við umsækjendur heldur fer í gegnum gögn og greinir þau og mælir með þeim sem hún telur hæfastan. Formaður telur hæfi nefndarmanna vera í lagi.

Formaður búið að setja gögn inn í greiningarskjal (matrix) sem kemur frá ráðuneytinu, þar sem umsækjendum hafa verið gefin stig út frá hæfni, reynslu og þekkingu. Unnið er út frá kröfum sem gerðar eru í auglýsingu og þeim upplýsingum sem koma fram í umsóknum umsækjenda.

Rætt um þekkingu, reynslu og hæfni umsækjenda og hvernig þessir þættir nýtist í embættinu.

Fundi frestað þar til að bókun liggur fyrir.

Fundarritari: Rannveig Ármannsdóttir

Menntaskólinn á Akureyri

Skólanefnd

Fundargerð skólanefndar, nr. 249, miðvikudagur, 13.04. 2022 kl. 10.00 - aukafundur, fjarfundur.

Mættir: Elías Gunnar Þorbjörnsson, Erla Rán Kjartansdóttir, Krístrún Birgisdóttir, Óli Þór Jónsson og Rannveig Ármannsdóttir

Dagskrá fundar:

1. Auglýsing um stöðu skólameistara

Staða skólameistara er auglýst um leið og afsögn berst. Búið er að birta auglýsingu á vef ráðuneytis. Hörð barátta verður um góða umsækjendur því einnig er verið að auglýsa eftir skólameisturum í Kvinnaskólanum og MR. Hvetja fólk til að sækja um, mikilvægt að fá góðar umsóknir.

Skólanefnd fær umsóknir til umfjöllunar og getur mælt með umsækjendum. Næsta fund boðar formaður, í lok apríl eða byrjun maí.

Fundarritari: Rannveig Ármannsdóttir

Menntaskólinn á Akureyri

Skólanefnd

Fundargerð skólanefndar, nr. 248, fimmtudagur 07.04. 2022

Mættir: Ásta A. Pétursdóttir, Krístrún Birgisdóttir, Elías Þorbjörnsson, Óli Þór Jónsson, Erla Rán og Jón Már.

Efni fundarins eru:

- 1. Uppsögn skólameistara**
- 2. Framtíðarsýn og stjórnun Menntaskólans á Akureyri.**
- 3. Önnur mál.**

1. Jón Már sagði frá uppsögn sinni. Síðasta formlega starfið er brautskráning í vor. Jón Már hefur starfað við skólann í 40 ár, þarf af sem skólameistari í 19 ár. Auglýst verður eftir nýjum skólameistara. Jón Már vék af fundi eftir fyrsta lið.

2. Krístrún fór yfir verklagsreglur skólanefndar við ráðningu á nýjum skólameistara. Skólanefnd hefur það hlutverk m.a. að leita að arftaka. Komin eru tvö nöfn á blað en ekkert fast í hendi. Umræður um mikilvægi þess að þróa skólann í nýjar áttir til að fjölga nemendum. Krístrún sagði frá að t.d. væri heimavistin lítið nýtt og því væri hægt að þróa t.d. lotunám.

3. Funda þarf reglulega þar sem mikið verk er fyrir höndum við ráðningu skólameistara.

Fundargerð ritaði Erla Rán Kjartansdóttir

Menntaskólinn á Akureyri

Skólanefnd

Fundargerð skólanefndar vantar, nr. 247, fimmtudagur 03.02. 2022 kl. 15.30

Mættir:?

Dagskrá fundar:

1. Fjármál og rekstur
2. Niðurstaða atkvæðagreiðslu um fjórar spannar
3. Önnur mál

Menntaskólinn á Akureyri

Skólanefnd

Fundargerð skólanefndar, nr. 246, þriðjudagur 30.11. 2021 kl. 15.30

Mættir: Elías Gunnar Þorbjörnsson, Erla Rán Kjartansdóttir, Jón Már Héðinsson, Krístrún Birgisdóttir, Póllý Rósa Brynjólfsdóttir, Rannveig Ármannsdóttir

Dagskrá fundar:

1. Áframhald á umræðu um breytt annarfyrirkomulag
2. Annarlok og upphaf nýrrar annar.
3. Önnur mál.

Áframhald á umræðu um breytt annarfyrirkomulag

JMH: Horft til fjögurra spanna kerfis frekar en þriggja anna. Næst ekki að fækka fögum á önn nægilega í þriggja anna kerfi, næst betur á fjórum spönnum. Þrír mismunandi áfangar kenndir á hverri spönn, námið verður samfelldara. Breyta þarf náms- og kennsluháttum með þessu fyrirkomulagi. Stefnt er á að í byrjun vorannar verði fenginn sérfræðingur til að skoða þetta með kennurum og aftur fyrir upphaf annar í haust. Eitt af markmiðunum er að kennarar í mismunandi greinum vinni betur saman og séu meðvitaðri um það sem er að gerast í öðrum greinum, t.d. hvaða málfræðiatríði sé verið að kenna í þýsku/frönsku/ensku/íslensku og að við séum þá að nota sömu hugtök yfir sömu hluti. Einnig æskilegt að verkefnum fækki (bæði hjá nemendum og kennurum) og tíminn í kennslustundum sé nýttur betur til leiðsagnar. Helsta markmiðið er að nemendum líði betur.

Það á eftir að setja upp dæmigerða stundaskrá fyrir bæði nemendur og kennara til að sýna.

Skólaráði líst vel á fyrirhugaðar breytingar. Eftir áramót á fyrsta kennarafundi nýs árs er búið að bjóða skólameistara ME, ásamt vonandi tungumála- og raungreinakennarum til að fara yfir málin og þeirra reynslu. Stefnt er á að kjósa um það í lok janúar, hvort að spannarfyrirkomulagið verði tekið upp í MA. Það verður ekki keyrt á tvöföldu kerfi, allt fer yfir í spannar.

Meira álag hefur verið á stjórnendur vegna þessara breytinga í þeim skólum sem þetta hefur verið tekið upp en kennara almennt, mikil vinna að koma upp þessu nýja skipulagi, miklar skipulagsbreytingar sem skiptir máli að séu vel undirbúnar.

Vinna við að kostnaðargreina brautir – nýtt verkefni sem kom skyndilega og óvænt frá ráðuneytinu í annarlok.

Elías spyr hvernig þessi breyting leggist í kennara og hvort vinnuframlag kennara verði misjafnt á milli spanna.

JMH: Í ME er þetta gert þannig að einni önn er í raun skipt í tvennt, þannig að það jafnast út. Einn kostur, að hægt verður að kenna sama áfanga tvisvar á skólaárinu, t.d. á fyrstu spönn og aftur á síðustu, það þýðir að nemandi sem þarf að endurtaka áfanga getur gert það hjá okkur í stað þess að fara í fjarnám annað.

Kristrún: Er markmiðið að innleiða samþættingu og leiðsagnarnám með þessum breytingum? Hvetur til að komið verði á tilraunaverkefni/verkefnum þar sem samþætting og leiðsagnarnám er haft að leiðarljósi.

JMH: Markmið númer eitt er að nemendur þrífist betur í skólanum, að leiðsagnarnám verði hluti af kennsluháttum.

Æskilegt að gera úttekt á t.d. læsisáfanganum (t.d. að fá meistaranema), þannig að þetta verði viðurkennt verkefni sem horft verði til.

Kristrún bendir á að grunnskólarnir séu að meta eigin verkefni með einföldum aðferðum/mælitækjum og að gæðaráð í MA gæti komið að slíku.

Annarlok og upphaf nýrrar annar.

Framundan í skólastarfinu: Í kvöld eru tónleikar í Kvosinni á vegum TÓMA, allir þurfa í hraðpróf. Annað kvöld er svo kvöldvaka. Gott að fá eitthvað gleðilegt áður en þau fara inn í prófatíð.

Próf hefjast 10.12 og þeim lýkur 17.12, gert er ráð fyrir sjúkraprófum 20.12.

Síðasti kennsludagur er 8.12 en opin dagur er 9.12.

Kennarafundur verður 3.12. Hvað varðar þessa próftíð, þá er símat að aukast og áhersla á lokapróf fer minnkandi.

Kennarar koma aftur til starfa 04.01 og ný önn hefst 10.01. Starfsmannafundur 07.01 og kennarafundur 14.01 þar sem áðurnefndur skólameistari í ME mætir. Fyrir þann tíma er einnig áætlað að halda fund með nemendum.

Árshátíð er áætluð 18.02 og frumsýning hjá LMA 11.03. Útlandaferðir í nokkrum áföngum eru áætlaðar í kringum páska.

Önnur mál.

Kristrún bendir á að Sprotasjóður opni fyrir umsóknir í janúar og að þar sé hægt að sækja um styrki í þetta stóra verkefni sem framundan er. JMH segir að skólinn hafi verið duglegur að sækja í þessa sjóði fyrir um 10 árum en lítið hefur verið gert að því síðustu ár.

Fundarritari: Rannveig Ármannsdóttir

Menntaskólinn á Akureyri

Skólanefnd

Fundagerð skólanefndar nr. 245, þriðjudaginn 27.9. 2021 kl. 15:30

Mættir: Ásta A. Pétursdóttir, Elías Gunnar Þorbjörnsson, Elva Gunnlaugsdóttir, Erla Rán Kjartansdóttir, Jón Már Héðinsson, Krístrún Birgisdóttir, Pollý Rósa Brynjólfsdóttir, Rannveig Ármannsdóttir og Sigurlaug Gunnarsdóttir.

Dagskrá fundar:

1. Hugmyndir um persónumiðað skólastarf
2. Önnur mál

Hugmyndir um persónumiðað skólastarf.

Krístrún kynnti.

Markmið, að nýta betur sérhæfingu kennara og gera námið persónumiðaðra.

Nauðsynlegt að nýta þau tækifæri sem eru til staðar, nú þegar þrengir að fjárhag framhaldsskólanna með fækkun nemenda. Ein leið er aukin samvinna og bjóða út áfanga, t.d. að selja fámenna stærðfræðiáfanga sem eiga erindi við marga, þó þeir séu kannski ekki nemendur við MA. Þannig væri kennslan/námið ekki háð staðsetningu en tíma. Hér gæti verið um heilu áfangana að ræða, þar sem unnið er að samþættingu við önnur fög. Fræðin eru t.d. nýtt til að vinna verkefni í öðru fagi. Áhersla á ferli og samhengi, frekar en á sjálft innihaldið. Próf eru ekki mælikvarðinn.

Hægt að taka við nemendum á mismunandi getustigum og mæta þeim á þeirra stað.

Kennarinn eða kennararnir búa til miðlæga grunnútgáfu á sínum áfanga/áföngum og mata kerfið með ákveðnum upplýsingum. Kerfið sér svo um að útbúa mismunandi útgáfur fyrir mismunandi nemendur. Við skil fá nemendur strax endurgjöf á verkefni. Mikil vinna í byrjun.

Verkefni verða lengri, unnin skref fyrir skref.

Ásta: Framhaldsskólastigið er samfella og undirbúningur fyrir háskóla, þannig að þetta þarf að vera unnið í samstarfi við háskólanna. Einnig mikilvægt að taka ekki út öll próf strax, þau þurfa að kunna að taka próf. Verður að vera heildstætt ferli í gegnum allt skólakerfið, spurning hvar á að byrja.

Elías: Þegar út í atvinnulífið er komið eru engin próf og því kannski ekki þörf á að festa sig í að áföngum ljúki með prófi.

Rannveig: Glíma við ákveðið áhugaleysi nemenda, sýndi sig í sumum fögum alla vega, að nemendum þótti ekki endilega ástæða til að leggja á sig að læra efni eftir að yfirferð var lokið að því að ekkert var lokaprófið.

JMH: Áhugavert, nauðsynlegt fyrir okkur að efla okkur til að geta staðið á eigin fótum og fjölga nemendum. Nemendum fækkar á upptökusvæðum allra framhaldsskólanna í dreifbýli. Þurfum að geta sótt okkur nemendur víða. Slæmt að þurfa að fella niður áfanga vegna nemendafæðar. Ástæða til að halda áfram að ræða þessi mál á næsta fundi.

Önnur mál

Spurt um upphaf annar. JMH svaraði því til að allt færi vel af stað, fyrsti söngsalur var í gær. Skólalaball framundan og verið að fikra sig í þá átt að allt sé eins og áður var. Rannveig bætti við að nemendur væru líflægir og glaðir, þyrsti í samveru.

Fundarritari: Rannveig Ármannsdóttir

Menntaskólinn á Akureyri

Skólanefnd

Fundagerð skólanefndar nr. 244, þriðjudaginn 31.8. 2021 kl. 15:30

Mættir: Ásta A. Pétursdóttir, Elías Gunnar Þorbjörnsson, Elísa Rafnsdóttir, Erla Rán Kjartansdóttir, Jón Már Héðinsson, Kristrún Birgisdóttir, Óli Þór Jónsson, Ragnar Hólm Ragnarsson, Rannveig Ármannsdóttir og Sigurlaug Gunnarsdóttir.

Dagskrá fundar:

1. Fjármál og rekstur
2. Önnur mál

Fjármál og rekstur

Ragnar gerði grein fyrir ársreikningi 2020, búið er að senda staðfestingu til baka frá stjórnslunni, engar athugasemdir voru gerðar.

Afkoma ársins er 22 milljónir í árslok 2020. Handbært fé 50 milljónir, hrein eign tæpar 82 milljónir. Fljótlega hægt að leggja fram drög fyrir næsta starfsár.

Jón Már nefnir að þó það sé afgangur (22 milljónir) þá þurfi það að duga til að halda úti áframhaldandi starfi, þar sem nemendum hafi fækkað. Fengum úthlutað meira en nemendafjöldi segir til um, það skýrir afganginn núna en það má búast við að þrengist í búi, með fækkun nemenda. Verið er að vinna að/uppfæra rekstraráætlun fyrir næstu þrjú ár.

Stefnuskjal ráðuneytisins ásamt drögum að rekstraráætlun verði tilbúið í september.

Ragnar hefur haldið utan um jafnlaunastefnu skólans, góð niðurstaða fékkst en fjórar athugasemdir gerðar og eru gefnir 60 dagar til að bregðast við þeim.

Kristrún nefnir að 22 milljóna tekjuafgangur dugi skammt og það þurfi að leita nýrra leiða til að láta peningana endast, spyr hvernig fjölga megi nemendum, nefnir m.a. samvinnu á milli skóla. Spyr hvort peningar séu í boði frá ríki til þróunarstarfs. Jón Már svarar því neitandi en framhaldsskólinn hefur aðgang að Sprotasjóði segir Sigurlaug.

Áherslur Sprotasjóðs koma heldur seint, nýsköpun er þó alltaf lykilorðið. Gott að fá að vita áherslur þeirra fyrr.

Jón Már nefnir að það þurfi að fjölga nemendum í fámennum áföngum, m.a. að gera nemendum í öðrum skólum kleift að nýta sér þá. Hér eru fög sem ekki endilega eru kennd í öðrum skólum, t.d. heimspeki. Nemendum er að fækka á upptökusvæði skólans.

Væri gott að fá Kristrúnu inn á fagstjórafund til að kynna hugmyndir hennar t.d. um samþættingu námsgreina og hvernig hægt er að nýta sér Sprotasjóð.

Önnur mál

Staðnám í upphafi, farið vel af stað í góðu veðri. Móttaka nýnema tókst ágætlega þó að enn megi bæta, m.a. orðræðuna. Næsta haust er áætlað að þetta verði skipulagt af skólanum og félagsmálafulltrúa.

Húsping haustsins fjallaði um bekkjaranda og hvernig vinna megi að því að bæta hann.

Eins og staðan er núna mega 200 manns koma saman, verið að finna út hvernig nýta megi það t.d. í félagsmálum. Nýnemablað kemur út á morgun. Skuggakosningar í september.

Endurbætur og viðgerðir – framkvæmt fyrir milljónir á hverju ári (mest gert fyrir fé frá Fasteignum ríkisins). Samfélagsáhrif eru þó nokkur, því hér eru ýmsir iðnaðarmenn að störfum. Vantar enn fjármagn fyrir restinni af útiæfingaaðstöðunni.

Aðstaða starfsfólks hefur verið stórlega bætt. Búið að gera upp eldhús, laga stofur (G14) og vinnuástaða kennara hefur verið bætt, nú síðast á Hólum og í Gamla skóla.

Samstarf við háskóla í Martin í Slóvakíu um læknanám. Það fékkst styrkur til þessa samstarfs, nú er Heimir Haraldsson námsráðgjafi í Slóveníu, hann endurgeldur heimsókn frá fulltrúum háskólans hingað frá því í ágúst þegar skólinn kom og kynnti læknanámið.

Jón Már sagði frá því að einnig hefði verið rætt við HSN um hvernig glæða megi áhuga á læknanámi meðal nemenda sem svo snúi aftur til starfa í heimabyggð.

Menntaskýið og flutningur skólans þangað inn. Engin þarfagreining var gerð, engir peningar, ekkert skipulag, klaufalega að þessu staðið að hálfu Fjármálaráðuneytisins. Mun kosta okkur mikið og hefur kostað mikla vinnu, kostnaður sem ekki var ljós í upphafi.

Stóra verkefnið er hvernig við löðum nemendur að okkur, hvernig við náum til þeirra. Í undirbúningi er að skipuleggja námið sem þriggja anna nám, þannig verður það nemendavænna, færri fög undir í einu. Námið verður þá tólf annir í stað sex. Þarf að vera komið í ljós hvort af þessu verður fyrir áramót svo hægt verði að kynna þetta vel.

Kristrún nefnir hvernig betur megi samþætta námsgreinar og nýta tímann og peningana betur. Einnig hvort þriggja anna kerfið tryggir betur möguleika nemenda sem ekki fylgja „beinni“ fyrirframgefinni línu.

Ásta spyr hvar þetta stendur (þriggja anna kerfið), hvenær verði þetta að veruleika og hvort þetta sé sérstaða sem fellur í kramið.

Jón Már segir að drög verði sett upp sem fyrst, verður tekið fyrir á kennarafundi og með nemendum. Einnig að kynna fyrir skólasamfélaginu og væntanlegum „viðskiptavinum“ og foreldrum þeirra. Verður að vera komið fyrir áramót svo hægt sé að innrita skv. þessu næsta haust. Þriggja anna kerfinu hefur verið tekið vel í þeim skólum sem eru með þetta kerfi.

Nemendur geta stjórnað betur sinni vegferð í þessu kerfi. Spurningar varðandi bekkjarkerfið, hvernig það plumi sig. Þrjú ár, 200 einingar, mikil vinna lögð á nemendur, þess vegna er mikilvægt að sveigjanleiki sé til staðar sem fæst með þriggja anna kerfinu.

Elías nefnir að mikil samþætting eigi sér nú þegar stað í grunnskólunum, t.d. íslenska og samfélagsgreinar.

Jón Már stingur upp á fundir verði síðasta þriðjudag í mánuði, 28. sept, 26. okt., 30. nóvember. Fundir verði á TEAMS en síðasti fundur annar á staðnum ef aðstæður leyfa.

Fundartími: 15.30 – 16.30

Fundarritari: Rannveig Ármannsdóttir